



Leiðbeiningar Tekjufirlysing 2022

Skýringar með einstökum liðum

Gakktu úr skugga um hvort þú hafir stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ með því að styðjast við reikningsdæmin í leiðbeiningum framtalsins.

Sem „skattgreiðandi með erlenda heimilisfestu“ (kwalificerend buitenlands belastingplichtige) áttu kost á sömu frádráttarliðum og skattaafsláttum og íbúi í Hollandi, til dæmis frádrætti vaxtagjalda af lánnum vegna kaupa á þínu eigin íbúðarhúsnæði (erlendis).

Uppfyllir þú öll skilyrðin sem gilda um „skattgreiðendur með erlenda heimilisfestu“? Æskilegast er að þú sendir tekjufirlysinguna með skattframtali þínu. Náirðu því ekki skaltu senda skattframtalið án frekari tafa, til að þú þurfir ekki að sækja um frest til að skila því. Láttu ekki bregðast að senda tekjufirlysinguna á eftir skattframtalinu. Ef þú gerir það ekki telstu ekki vera með stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“. Þá færðu álagningu án sömu frádráttarliða og skattaafslátta og íbúi í Hollandi. Við munum hafa samband við þig vegna þessa.

Sendu eyðublaðið til:

Belastingdienst/Kennis- en expertisecentrum Buitenland
Postbus 2577
6401 DB Heerlen
the Netherlands

Hefurðu aðrar spurningar?

Nánari upplýsingar má nálgast á belastingdienst.nl/internationaal.

Þú getur einnig hringt í þjónustuver okkar fyrir útlönd:

+31 55 538 53 85. Opnunartími: frá mánudegi til fimmtudags

frá 8:00 til 20:00 og á föstudögum frá 8:00 til 17:00.

Skilyrði til að teljast „skattgreiðandi með erlenda heimilisfestu“

Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ árið 2022 ef þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Þú greiðir skatt af tekjum þínum í Hollandi að öllu eða nær öllu leyti. Svo telst vera ef þú greiðir skatt af a.m.k. 90% heimstekna þinna í Hollandi.
- Þú hefur heimilisfestu í ESB-ríki, Liechtenstein, Noregi, Íslandi, Sviss, á Bonaire, St. Eustatius eða Saba.
- Þú getur lagt fram tekjufirlysingu frá skattayfirvöldum í búsetulandi þínu.

Dæmi

Þú býrð í Belgíu og vinnur í Hollandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Þú greiðir alla skatta af þessum tekjum í Hollandi. Þú hefur engar aðrar tekjur eða eignir. Þú býrð í ríki innan ESB og greiðir skatt af tekjum þínum í Hollandi að öllu eða svo til öllu leyti. Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ ef þú getur einnig lagt fram tekjufirlysingu.

Eignir og tekjur vegna verulegra eignarhluta teljast með

Þegar 90% markið er ákvarðað horfum við ekki aðeins á vinnu- og leigutekjur þínar. Eignir og tekjur vegna verulegra eignarhluta (nl. aanmerkelijk belang) teljast einnig með. Því getur hugsast að þú greiðir alla skatta af vinnutekjum þínum í Hollandi án þess að uppfylla skilyrðið um 90% markið vegna þess að þú átt miklar eignir.

Dæmi

Þú býrð í Þýskalandi og vinnur í Hollandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Af þeim greiðir þú allan skatt í Hollandi. Auk þess áttu eignir í Þýskalandi, þ.e. sparnað, hluta- og skuldabréf.

Samkvæmt hollenskum reglum nema tekjur þínar af sparnaði og eignum 6.400 €. Af þessum tekjum greiðir þú engan skatt í Hollandi. Jafnframt hefurðu tekjur að upphæð 50.000 € sem eru skattaðar í Hollandi. Þú greiðir skatt í Hollandi af 88,7% heildartekna þinna, en þær nema 56.400 €. Hlutfallið er sem sagt lægra en 90% af tekjum þínum. Þú hefur því ekki stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“.

Atriði sem ekki eru tekin til greina við ákvörðun á 90%-mörkunum

Við ákvörðun 90%-markanna tókum við ekkert tillit til neikvæðs kostnaðar vegna afkomutryggingar, neikvæðra persónubundinna frádráttarliða, (neikvæðra) tekna af eigin íbúðarhúsnæði, kostnaðar vegna afkomutryggingar, persónubundinna frádráttarliða og frádráttar vegna engra eða lítilla skulda vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.

Dæmi

Þú býrð í Þýskalandi og vinnur í Hollandi og Þýskalandi. Tekjur þínar í Hollandi nema 50.000 €. Þær eru að öllu leyti skattlagðar í Hollandi. Tekjur þínar í Þýskalandi nema 4.500 €. Þær eru að öllu leyti skattlagðar í Þýskalandi. Þú átt íbúðarhúsnæði til eigin nota í Þýskalandi. (Neikvæðar) tekjur þínar af íbúðarhúsnæði til eigin nota nema 10.000 €.

Við ákvörðun 90%-markanna er miðað við að heildartekjur þínar séu 54.500 €. Af þessum tekjum eru 50.000 € skattlagðar í Hollandi. Það eru 91,7% heildartekna. (Neikvæðar) tekjur þínar af íbúðarhúsnæði til eigin nota teljast ekki með við ákvörðun 90%-markanna. Þú hefur stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ ef þú getur einnig lagt fram tekjufirlysinguna.

Skýringar með einstökum liðum (frh.)

Samsköttun

Ertu í sambúð? Og óskar þú eftir að fá samsköttun? Þetta er hægt ef þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Þú uppfyllir reglur um samsköttun.
- Bæði þú og maki/sambýlisaðili þinn uppfyllir 90%-regluna. A.m.k. 90% samanlagðra heimstekna ykkar eru skattlögð í Hollandi.

Athugið!

Hafa bæði þú og maki/sambýlisaðili þinn stöðu „skattgreiðanda með erlenda heimilisfestu“ en skilar maki/sambýlisaðili þinn engu skattframtali? Þá þarf maki/sambýlisaðili þinn einnig að fylla út tekjufirlýsingu og senda okkur.

Skýringar á einstökum liðum tekjufirlýsingarinnar

Liður 2a

Ef þér er ekki kunnugt um fæðingardag þinn skaltu færa inn: 01-01-.... (dd-mm-áááá).

Með skráningarnúmeri er átt við númerið sem skattayfirvöld í búsetulandi þínu hafa látið í té. Það er númerið sem þú hefur hjá skattayfirvöldum í búsetulandi þínu.

Liður 4a

Fylltu út þennan lið ef þú stundar sjálfstæðan atvinnurekstur eða ert hluthafi í félagi og færð greiddan arð úr félagi sem er ekki skattlagt í Hollandi.

Nánari upplýsingar varðandi arð úr fyrirtækjum má nálgast á belastingdienst.nl undir „winst uit onderneming“.

Liður 4b

Hér færirðu inn launatekjur og sjúkrabætur sem ekki voru skattlögð í Hollandi.

Sem dæmi um launatekjur og sjúkrabætur má nefna:

- allar tekjur frá atvinnuveitanda, s.s. laun, orlofsgreiðslur, ökutæki til eigin afnota og bónusgreiðslur
- bætur vegna veikinda
- greiðslur vegna starfsþjálfunar

Þessar upphæðir er að finna á ársyfirlitinu sem atvinnuveitandi þinn eða bótaskrifstofa hefur látið þér í té. Nánari upplýsingar um laun og sjúkrabætur má nálgast á belastingdienst.nl undir „werk en inkomen“.

Liður 4c

Hér færirðu inn þjóf fé, hlutafjárkaupréttindi og aðrar tekjur úr launuðu starfi sem voru ekki skattlagðar í Hollandi. Athugið! Tekjur af starfi sem einyrki eða í lausamennsku sem og aukatekjur skal telja fram í lið 4h.

Liður 4d

– Færðu inn bætur og greiðslur sem ekki voru skattlagðar í Hollandi. Sem dæmi um bætur og greiðslur má nefna: eftirlaunagreiðslur

– ellilífeyrisgreiðslur; s.s. „AOW“-bætur frá de Sociale Verzekeringsbank (SVB)

– uppsagnarbætur, s.s. biðlaun opinberra starfsmanna

– greiðslur vegna flýttara starfsloka, s.s. snemmtöku lífeyris.

– makalífeyri og bætur vegna munaðarleysis, s.s. „Anw“-bætur frá SVB

– almannatrygginga- og atvinnuleysisbætur, s.s. „WW“- eða „Wwb“-bætur

– örorkubætur, s.s. „Waz“-, „IOAZ“-, „IOAW“-, „Wajong“-, „WIA“- eða „WAO“-bætur

– greiðslur lífrentu sem hafa sætt frádráttarskattgreiðslu

– eingreiðslur lífrentu og eingreiðslur lífeyrissparnaðar sem hafa sætt frádráttarskattgreiðslu

Þessar fjárhæðir er að finna á ársyfirlitinu sem bótaskrifstofan eða tryggingafélagið hefur látið þér í té. Nánari upplýsingar er að finna á belastingdienst.nl undir „werk en inkomen“.

Liður 4e

Fylltu út þennan lið ef þér voru greiddar lífrentueingreiðslur eða eftirlaunaeingreiðslur sem ekki voru skattlagðar í Hollandi.

Liður 4f

Færðu inn tekjur undanþegnar skatti sem þú aflaðir hjá alþjóðlegri stofnun.

Sem dæmi um tekjur undanþegnar skatti má nefna laun frá:

- Evrópusambandinu
- Sameinuðu þjóðunum
- NATO
- Alþjóðadómstólnum
- Evrópsku einkaleyfastofunni
- ESA/Estec

Liður 4g

Þennan lið skaltu einungis fylla út ef þér voru greidd eftirlaun frá Evrópusambandinu.

Liður 4h

Fylltu út þennan lið ef þú hafðir starfstekjur sem voru ekki skattlagðar í Hollandi og þú gerðir ekki grein fyrir í liðum 4a til og með 4g.

Skýringar á einstökum liðum tekjufrýslingarinnar (frh.)

Liður 4i

Gefðu upp tekjur af eignum, sem þú afhentir öðrum til nýtingar, s.s. húsnæði, skuldakröfum, líftryggingum, tilteknum kaupréttindum og nýtingarréttindum.

Hér skal færa inn tekjurnar að frádregnum frádráttarbærum kostnaði og skattsleysishluta.

Nánari upplýsingar er að finna á belastingdienst.nl undir „werk en inkomen“.

Liður 4j

Færðu inn móttekinn framfærslulífeyri og þar að lútandi eingreiðslur.

Eftirfarandi greiðslur og bætur falla undir þennan lið:

- framfærslulífeyrir þér ætlaður, greiddur af fyrrverandi maka
- ellilífeyrir sem fyrrverandi maki lét ganga til þín
- eingreiðslur framfærslulífeyris sem þú tókst við frá fyrrverandi maka
- leiga fyrir leiguhúsnæði sem fyrrverandi maki hélt áfram að greiða
- vextir af þínum hluta húsnæðisskuldar (í eigin húsnæði) sem fyrrverandi maki greiddi
- fjárhæðir sem þú tókst á móti vegna uppgjörs lífeyrisréttinda eða lífrentu, þar sem iðgjöld hafa verið færð til frádráttar
- reiknað leiguvirði íbúðar til eigin nota (nl. eigenwoningforfait) þetta á aðeins við ef, á grundvelli (bráðabirgða-)samkomulags um framfærslulífeyri, þú bjóst í húsnæði árið 2022 sem fyrrverandi maki var (með)eigandi að. Var fyrrverandi maki þinn (með-)eigandi þessa húsnæðis að hluta? Gefðu þá upp samsvarandi hluta reiknaðs leiguvirðis.

Nánari upplýsingar er að finna á belastingdienst.nl undir „werk en inkomen“.

Liður 4k

Reglubundnar bætur og þar að lútandi eingreiðslur, sem ekki hafa sætt frádráttarskattgreiðslu, eru færðar inn í þessum lið. Draga má frá kostnað sem þú stofnaðir til við að tryggja þér eða halda þessum bótum.

Sem dæmi um reglubundnar bætur má nefna:

- reglubundin ríkisframlög vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, t.d. húsnæðisbætur vegna kaupa á eigin íbúð (nl. premiekoopwoning)
- aðrar reglubundnar bætur, hlunnindi og fríðindi eða eingreiðslur þeirra, t.d. námsstyrkir og greiðslur lífrentu Hlunnindi og fríðindi eru greiðslur í öðru en peningum.

Liður 4l

Með öðrum tekjum er átt við:

- skattbæran hluta líftryggingarbóta
- endurgreidda vexti húsnæðisláns (v/húsnæðis til eigin nota)

Liður 4n

Fylltu út þennan lið ef þú sóttir vinnu með almenningsfarartækjum og fjarlægðin (önnur leiðin) milli heimilis þíns og vinnustaðar var meiri en 10 kílómetrar.

Nánari upplýsingar er að finna á belastingdienst.nl undir „reisafretrek openbaar vervoer“.

Liður 4q

Fylltu út þennan lið ef þú og maki þinn áttuð a.m.k. 5% hlutabréfa í félagi sem ekki voru skattlögð í Hollandi.

Nánari upplýsingar má nálgast á belastingdienst.nl undir „aanmerkelijk belang“.

Liður 4r

Þann 24. desember 2021 úrskurðaði Hæsti réttur að reglurnar sem hafa gilt frá 2017 um skattlagningu á arð af eignum (reitur 3) stangist á við mannréttindasáttmála Evrópu (ME). Af þessari ástæðu verðum við að taka upp nýja reikniaðferð í stað þeirrar gömlu. Að því er varðar árið 2022 er þér heimilt að velja hvor aðferðin er þér hagkvæmari. Sú aðferð sem gefur lægri niðurstöðu er hagkvæmari fyrir þig. Frá og með árinu 2023 gildir síðan nýja aðferðin eingöngu.

Hverjar voru eignir þínar og skuldir árið 2022 sem voru ekki skattlagðar í Hollandi? Var virði þessara eigna að frádregnum skuldunum hærra en 50.650 € þ. 1. janúar 2022? Færðu þá inn, við spurningu 4r, hagnað þinn af sparnaði og fjárfestingum.

Þú reiknar út hagnaðinn af sparnaði og fjárfestingum með því að styðjast við leiðbeiningarnar „Rekenhulp voordeel uit sparen en beleggen“ (Leiðbeiningar til að reikna út hagnað af sparnaði og fjárfestingum). Hér á eftir fara skýringar á því hvernig þér ber að reikna út stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

Með eigin fé og skuldum er átt við eignir þínar og skuldir sem voru ekki skattlagðar í Hollandi, og er þá miðað við dagsetninguna 1. janúar 2022.

Til eigna teljast t.d.:

- innstæður í banka og pósthbanka (nl. giro), uppsafnaður sparnaður og sjóðsinnstæður
- hlutabréf
- annað íbúðarhúsnæði eða aðrar fasteignir sem eru ekki staðsettar í Hollandi

Til skulda teljast t.d.:

- persónulegt neyslulán, s.s. til kaupa á bifreið eða til að standa straum af orlofskostnaði
- neikvæð staða á bankareikningi
- skuld vegna annars íbúðarhúsnæðis sem er ekki staðsett í Hollandi

Dæmi

Þ. 1. janúar 2022 nam sparifé þitt 100.000 €. Þ. 1. janúar 2022 skuldaðirðu jafnframt 40.000 evrur vegna bifreiðarkaupna. Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar þ. 1. janúar 2022 þá 100.000 € – 40.000 € – 50.650 € = 9.350 €.

Eignir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	100.000 €
Skuldir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	40.000 €
Skattfrelsmörk vegna eigna og skulda	50.650 € –
Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar	9.350 €

Í útreikningnum færirðu inn 9.350 € við Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

Skýringar á einstökum liðum tekjufrýsningarinnar (frh.)

Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar

Eignir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	<input type="text"/>	A
Skuldir sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	<input type="text"/>	B
Hagnaðarstofn	<input type="text"/>	C
Skattfrelismörk vegna eigna og skulda	€ 50.650	
Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar	<input type="text"/>	D

Athugið!

Ef stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar er 0 € eða neikvæð tala, skal færa inn 0 € við spurningu 4r.

Munurinn á gömlu og nýju reikniaðferðinni

Í gömlu reikniaðferðinni gerðum við ráð fyrir að þú sparaðir hluta af eignum þínum og fjárfestir hluta þeirra. Ef þú áttir til dæmis einungis sparifé gerðum við ráð fyrir að þú fjárfestir hluta þess. Við reiknuðum síðan út hugsaðan hagnað af því.

Í nýju reikniaðferðinni göngum við út frá þeim eignum sem þú átt í raun og veru. Við það notum við hugsaðar hagnaðarupphæðir sem liggja nálægt raunverulegum hagnaðarprósentsutölum fyrir sparnað og fjárfestingar. Þær eru til dæmis miklu lægri fyrir sparifé en fyrir fjárfestingar.

Fylltu fyrst út Útreikningur á sparifjárinntæðum og Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum. Að því búnu er auðveldara að reikna út hagnaðinn af sparnaði og fjárfestingum.

Útreikningur á sparifjárinntæðum

Banka- og sparifjárinntæður sem eru ekki skattlagðar í Hollandi	<input type="text"/>	A
---	----------------------	---

Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum

Hlutabréf, skuldabréf og því um líkt	<input type="text"/>	A
Reiðufé	<input type="text"/>	B
Aðrar kröfur	<input type="text"/>	C
Fasteignir utan Hollands	<input type="text"/>	D
Höfuðstólslífeyrstryggingar - sá hluti sem er ekki undanþeginn skatti	<input type="text"/>	E
Réttindi sem fela í sér reglubundnar útgreiðslur	<input type="text"/>	F
Aðrar eignir	<input type="text"/>	G
Refsiupphæð vegna nettólífrentu eða nettólífeyris	<input type="text"/>	H
Fjárfestingar og aðrar eignir alls	<input type="text"/>	I
Leggðu saman liði A til og með H.		

Útreikningur á hagnaði af sparnaði og fjárfestingum samkvæmt nýju aðferðinni (spurning 4r)

Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar Færðu inn upphæðina úr lið D í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.	<input type="text"/>	A
Sparnaðarinnistæður. Færðu inn upphæðina úr lið A í Útreikningur á sparifjárinntæðum.	<input type="text"/>	B
Reiknaðu 0,00% af B.	<input type="text"/>	C
Fjárfestingar og aðrar eignir Færðu inn upphæðina úr lið I í Útreikningur á fjárfestingum og öðrum eignum.	<input type="text"/>	D
Reiknaðu 5,53% af D.	<input type="text"/>	E
Skuldir Færðu inn upphæðina úr lið B í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.	<input type="text"/>	F
Reiknaðu 2,28% af F.	<input type="text"/>	G
Skattskyldur hagnaður. Leggðu saman C plús E og dragðu G frá.	<input type="text"/>	H
Færðu inn upphæðina úr A.	<input type="text"/>	A
Færðu inn upphæðina úr lið C í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.	<input type="text"/>	I
Hlutfall þíns hlutar og hagnaðarstofns. Deildu í A með I og margfaldaðu útkomuna með 100. Námundaðu með því að hafa tvo tugastafi eftir kommana.	<input type="text"/>	J
Færðu inn upphæðina úr H.	<input type="text"/>	H
Hagnaður af sparnaði og fjárfestingum. Margfaldaðu H með J. Færðu inn upphæðina úr K við spurningu 4r.	<input type="text"/>	K

Skýringar á einstökum liðum tekjufrýslingarinnar (frh.)

Útreikningur á hagnaði af sparnaði og fjárfestingum samkvæmt gömlu aðferðinni (spurning 4r)

Stofn til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar

Færðu inn upphæðina úr lið D í Útreikningur á stofni til skattlagningar á sparnað og fjárfestingar.

A

Stofn, 1. þrep. Yfirfærðu úr reit A, þó ekki meira en 50.650 €.

B

Reiknaðu 67% af B

-0,01% X

C

Reiknaðu 33% af B

5,53% X

D

Stofn, 2. þrep. Dragðu frá: A mínus B, en færðu þó ekki meira inn en 911.700 €.

E

Reiknaðu 21% af E

-0,01% X

F

Reiknaðu 79% af E

5,53% X

G

Stofn, 3. þrep. Dragðu frá: A mínus B mínus E.

H

Yfirfærðu úr H

5,53% X

I

Hagnaður af sparnaði og fjárfestingum. Reiknaðu saman: C + D + F + G + I.
Færðu inn útkomuna við spurningu 4r.

+

J